

Nefndasvið Alþingis

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2009

Efni: Umsögn Norðuráls um frumvarp til stjórnskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, með síðari breytingum. Lagt fyrir á 136. Lögjafarþingi 2008-2009, þskj. 648, 385. mál.


Vísað er til tölvupósts Alþingis, dags. 13. mars 2009, þar sem Norðuráli er fengið til umsagnar frumvarp til stjórnskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, með síðari breytingum, 385. mál („frumvarpið“).

Norðurál hefur haft ofangreint frumvarp til skoðunar, þá sérstaklega ákvæði 1. gr. þess um náttúruauðlindir og umhverfismál og sjónarmið er það varðar, og lætur í té eftirfarandi umsögn.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæði 1. gr. frumvarpsins, sem er nýtt efnisákvæði, verði lokaákvæði mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Ákvæðið hefur þrjú markmið, líkt og fram kemur í almennum athugasemdum í greinargerð: í því felst yfirlýsing um að þær náttúruauðlindir sem ekki séu háðar einkaeignarétti séu þjóðareign; mælt er fyrir um skyldu stjórnvalda til að tryggja að nýting auðlindanna byggist á meginreglum umhverfisréttarins um sjálfbæra þróun og því slegið föstu að þær verði ekki varanlega láttnar af hendi; og ákvæðið stefnir að því að vernda rétt manna til umhverfis sem stuðli að heilbrigði, vernda upplýsingarétt og tiltekin þátttökuréttindi almennings á vettvangi umhverfismála.

Mikilvægt er að mati Norðuráls, að skýrt sé kveðið á um í stjórnskipunarlögum að á engan hátt sé verið að raska eignaréttindum einstaklinga og lögaðila. Norðurál telur jafnframt mikilvægt að ákvæði stjórnarskrár séu skýr hvað takmörkun á notkun auðlinda varðar. Þannig verði atvinnu- og eignaréttindum þeirra sem nýta auðlindir Íslands tryggð stjórnarskrárvernd og ákvæði sem þetta sé ekki til fyrirstöðu því að einkaaðilum verði veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar auðlinda með skynsamlegum hætti.

Með vísan til ofanritaðs telur Norðurál að bæta mætti skýrleika í lagatexta frumvarpsins. Að öðru leyti telur Norðurál ekki ástæðu til þess að fjalla um ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllt,
fh. Norðuráls ehf.

Ragnar Guðmundsson, forstjóri